



Fréttabréf FFA - júlí 2025

Nú hafa skálar FFA verið opnaðir og óhætt að fara á fjöll.

Kynnið ykkur gistingu í skálunum og á tjaldsvæðum FFA.

Félagsmenn í FFA og FÍ fá góðan afslátt.

Við bendum líka á veitingasölu í Drekgili, en núna er hægt að kaupa þar kaffi og vöflur ásamt fleiru góðgæti.

Skálar FFA

Það má segja að sumarið hafi farið vel af stað. Glæsileg gönguvika hjá FFA sem tókst afar vel og góð þátttaka. Að þessu sinni þjófstörtuðum við eiginlega í blíðaskapar veðri með fossaferð inn í Hörgárdal. Síðan tók við hver ferðin á fætur annarri og tókst að fara í þær allar eða alls átta ferðir.

Gönguleikurinn sívinsæli „Paulinn“ fór í loftið á 17. júní og er hann bæði fyrir fullorðna og krakka til 12 ára aldurs. [Hér eru allar upplýsingar um hann](#)

Gönguferðir í júlí má sjá hér

